



Jólafondur með foreldrum í Pelamerkurskóla

Föstudaginn 6. desember kl. 14:30-17:00
verður fönndrað fyrir jólin í Pelamerkurskóla

Undanfarin þrjú ár hefur jólafondur Pelamerkurskóla verið haldið eftir að venjulegum skóladegi lýkur á föstudegi og hefur það mælst vel fyrir meðal foreldra og annarra velunnara nemenda. ***Því verður fönndrað fyrir jólin kl. 14:30-17:00 þann 6. desember í Pelamerkurskóla.***

Föndurdagurinn er hugsaður sem opinn dagur í skólanum þar sem foreldrar koma í skólann og eiga notalega og umfram allt jólalega stund með börnum sínum, öðrum foreldrum og starfsfólki skólans. Þess vegna vonumst við til að allir sjái sér fært að fylgja börnum sínum þennan dagpart í skólanum.

Jólafondrið hefst kl. 14:30 með jólasöng á sal niðri í tónmenntastofu. Að venju er það Sigga Hulda tónmenntakennari skólans sem stjórnar söngnum.

Í ár verður fönndrað á þremur stöðum í skólanum, í smíðastofunni, heimilisfræðistofunni og í tveimur kennslustofum. Foreldrafélagið mun sjá um fönndrið sem venjulega er í heimilisfræðistofunni.

Greiðsla fyrir fönndrið verður með þeim hætti að allir borga 500 kr. og geta fönndrað að vild. Við vonum að þetta einfaldi innheimtuna fyrir alla.

Frá klukkan 15:00 er hægt að kaupa **heitt kakó með rjóma, vöffur, kleinur og smákökur** í mötuneytinu. Sjálfbóðaliðar úr hópi nemenda í 7. – 10. bekk sjá um þessa sölu ásamt starfsfólki mötuneytis. Allur ágóði af kakósölunni rennur til uppbyggingar á félagsaðstöðu nemenda. **Fullorðnir og börn á grunnskólaaldri greiða 400 kr. fyrir kakó og meðlæti. Frítt er fyrir börn á leikskólaaldri.**

Frá klukkan 15:15 verða sjálfbóðaliðar úr röðum 7.-10. bekkjar líka með barnagæslu (4 ára til 9 ára) (kubbar, spil og bækur) á bókasafninu og ganginum þar fyrir framan.

Þennan dag færast heimakstur nemenda til klukkan 17:00.

Með bestu adventukveðjum og hlökkum til að hitta alla foreldra á fönndurdeginum,
Ingileif og Unnar